

# GJALDSKRÁ

## fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ

### 1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar skal ákvarða og innheimta sorpgjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Snæfellsbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

### 2. gr.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvern sumarbústa í Snæfellsbæ og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

### 3. gr.

Tunnugjald fer eftir rúmmáli þeirra sorpílata sem eru við heimili. skylirt er að hafa minst eitt flát fyrir Lífúrgang, pappír/pappa, plast og almennan úrgang. Tíðni tæminga fer eftir Sorphirðudagatali en er almennt á 21 dags fresti.

#### Ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang

240L	Tunna	25.000
360L	Tunna	38.000
660L	Kar	70.000
1100L	Kar	120.000

#### Ílát fyrir pappír

240L	Tunna	20.000
360L	Tunna	30.000
660L	Kar	58.000
1100L	Kar	98.000

#### Ílát fyrir plast

240L	Tunna	20.000
360L	Tunna	30.000
660L	Kar	58.000
1100L	Kar	98.000

#### Ílát fyrir matarleifar

35L	Ílát í tunnu	18.000
140L	Tunna	65.000

Gjald vegna breytingar á þjónustu (breyting á stærð/fjölgun tunna) 4.000

### 4. gr.

Söfnun, förgun, móttaka og flokkun sorps, sem og önnu gjöld, eru sem hér segir:

Sorpförgun – heimili	9.000
Sorpförgun – sumarhús/takmörkuð ívera	4.500
Rekstur grenndarstöðva – þéttbíli	1.500
Rekstur grenndarstöðva – sumarhús	16.000
Endurnýjunargjald 140L tunnu	15.000

Endurnýjunargjald 240L tunnu	6.000
Endurnýjunargjald 360L tunnu	15.000
Endurnýjunargjald 660L Kar	21.000
Endurnýjunargjald 1100L Kar	32.000
Komugjald á Gámastöð	500
Gjald vegna auka losunar	10.000

Innifalið í sorpförgunargjaldi eru 12 komur á gámastöð með almennan grófflokkaðan úrgang, þó þarf að greiða komugjald að upphæð kr. 500.- við hverja heimsókn á gámastöð.

#### **5. gr.**

Tæknideild Snæfellsbæjar er heimilt samkvæmt gjaldskrá þessari að leggja göld á þá aðila sem verða uppvísir að því að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi eða á jarðvegstípp fyrir útlögðum kostnaði við hreinsun.

#### **6. gr.**

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann **5. desember 2024** með stöð í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ nr. 1477/2023.

**Snæfellsbær, 5. desember 2024**

---

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari